

Her Úkraínustjórnar ásamt vígasveitum á vegum fasistaflokka frá Vestur Úkraínu sækja nú með skriðrekum, flugvélum, eldflaugum, stöðugu sprengjukasti og fallbyssuskothríð að þéttri íbúabyggð í Austur-Úkraínu. Fjöldi venjulegra borgara er drepinn á hverjum degi, miklu fleiri liggja limlestir á sjúkrahúsum. Fólk reynir að koma sér fyrir í kjöllurum íbúðablokka, nota þau sem loftvarnarbyrgi. Úkraínustjórn stöðvar bílalest frá Rússlandi sem reynir að koma mannúðarhjálp, vatni, mat og hjúkrunargögnum til þeirra sem þjást vegna limlestinga og hungurs. Ástandið er ekki ólíkt Gaza. Her og vígasveitir á vegum Úkraínustjórnar telja sig hafa rétt til að hefna sín með því að drepa alla, til að kveða niður uppreisn. Þetta er að verða útrýmingarherferð á þjóðarbroti sem talið er að vilji sameinast Rússlandi eða vilji allavega að hluti Austur-Úkraínu verði sjálfstjórnarsvæði innan Úkraínu. Austur Úkraína er öflugt iðnaðar- og landbúnaðarsvæði, og núverandi stjórnvöld vilja ekki missa það, þó þau vilji losna við fólk. 750 þúsund manneskjur eru þegar flúnar til Rússlands. Ríkisstjórn Úkraínu veit, að eftir það sem hefur gengið á undanfarna mánuði, munu þeir aldrei geta stjórnað þessu fólki, þótt hún vinni hernaðarlegan sigur. Ríkisstjórnin óttast að í hópi þeirra sem eru að missa börnin sín, foreldra sína, systkini sín, ástvini sína, muni vaxa upp ný kynslóð baráttufólks gegn þeim, rétt eins og í Palestínu.

En það er til önnur leið. Eins og í Palestínu er til leið til friðsamlegrar lausnar í Úkraínu. Sú leið er að tryggja réttindi þessa fólks, réttindi sem tryggja það gegn kúgun og frelsissviptingu. Bandaríkin, NATO og aðrir sem sjá her og vígasveitum valdhafa fyrir vopnum gætu neytt þá til samningaviðræðna sem miða að friðsamlegri lausn, en þau hafa engan áhuga á því. Það erum við, manneskjurnar í NATO-heiminum, sem þurfum að neyða stjórnvöld okkar landa til þess. Hvaða afstöðu hafa íslensk stjórnvöld í þessu máli, ætla þau að verðlauna NATO fyrir stríðin sín með því að hækka styrktargjöld okkar til NATO, eða ætla þau að mótmæla með því að lýsa yfir að þau taki ekki þátt í þessum stríðum og vilji ganga úr NATO? Og hvað vill stjórnarandstaðan?

Mér finnst við, almenningur, standa að mörgu leyti í sömu sporum nú og í byrjun Víetnamstríðsins. Við erum fórnarlömb fréttaflutnings sem er ættaður beint frá árásaraðilanum og er einn mikilvægasti liðurinn í árásarstríði hans. Það tók margra ára grasrótarbaráttu að breyta þessu. En þegar það breyttist sagði bandaríska þjóðin NEI. Ég hef kíkt aðeins í blöð herna úti í Berlín þar sem ég dvelst. Fáein blöð hér eru stundum farin að birta fréttir frá báðum aðilum í Úkraínu, önnur eru að mestu hætt að birta fréttir þaðan. Þó þau styðji ekki manneskjurnar sem er að blæða út í Austur-Úkraínu eru þau farin að óttast vaxandi áhrif vopnaðra vígasveita á vegum nasistaflokka á stjórnvöldin í Kiev og á vígvellinum og finnst best að þegja bara um þetta.

Ég hef aðeins hlustað á netútgáfu BBC (com) þar eru allt öðruvísi fréttir en í Ríkisútvarpinu okkar. Að vísu birtir BBC alltaf fyrst fréttir ættaðar frá Úkraínuher, en svo er líka minnst á að það er önnur hlið. Það væri auðvitað ofstæki af minni hálfu að ætlast til þess að Ríkisútvarpið gangi svo langt í sannleiksást sinni að birta fréttir sem séu andstæðar stefnu NATO (og CIA). En þórir Ríkisútvarp okkar allra kannski að gera eins og netútgáfa BBC sem er líka ríkisútvarp, Bretlands eins helsta stríðshauks NATO, að efast um sannleiksgildi fréttanna sem koma bara frá öðrum aðilanum, frá þeim sem gerir árásirnar.

Ragnar Stefánsson 21. ágúst 2014